

Reykjavík, 12. júlí 1994.

Háskóli Íslands,
við Suðurgötu,
101 Reykjavík.
B.t. hr. Gunnlaugs H. Jónssonar, háskólaritara.

Ég vísa til samtals okkar í dag og afhendi Háskóla Íslands hjálagða bankabók nr. 67405 við Múlaútibú Landsbanka Íslands, að beiðni umbj. minna, Einars Sturlusonar, Æsufelli 4, Reykjavík, Kristjönu Sturludóttur, Miðholti 7, Mosfellssveit, og Unnar Sturludóttur, Hraunbæ 62, Reykjavík. Bókin er með kr. 235.225,19 innstæðu pr. 31.12. 1993.

Bankabókin fannst meðal eigna í dánarbúi hjónanna, Margrétar Bjargar Sturludóttur, kt. 19.04.15 - 4819, en hún lést 2. des. 1993 og Gunnars Th. Bjargmundssonar, kt. 04.05.00 - 2949, en hann lést 23. maí 1985. Síðasta lögheimili þeirra var að Hrafnistu við Kleppsveg, Reykjavík. **Er bókin skráð á nafn Gunnars Th. Bjargmundssonar.**

Upphafleg innstæða bókarinnar mun vera arfur Margrétar Bjargar, heitinnar, og systkina hennar, umbj. minna, eftir látinn bróður þeirra, Ragnar Sturluson. Bankabókinni, raunar eldri bók, nr. 60405, fylgdi laus miði, áritaður af Gunnari heitnum, þess efnis, að í bókinni væri arfur eftir Ragnar og að hún væri eign Háskóla Íslands.

Þá fylgir einnig staðfesting Múlaútibús Landsbanka Íslands, dags. 1. okt. 1993, um númerabreytingar á bókinni og ljósrit að því er mér virðist úr tveimur eldri bókum nr. 60405.

Virðingarfyllst,

Tómas Gunnarsson, lögm.